

**Fundargerð 73. fundar Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 26. febrúar 2018 kl. 14:00 – 15:30**  
**haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð**

**Mætt:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir,

**Fjarverandi:** Björg Baldursdóttir, Ársæll Guðmundsson, Fjóla Jónsdóttir,

**Gestir:** Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarstyrkja. Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA.

**Frá FA:** Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

**Dagskrá:**

1. Margrét Sigurðardóttir, stjórnarmaður tilnefnd af Sambandi íslenskar sveitarfélaga, boðin velkomin til starfa. **Fundargerðir** síðustu tveggja funda bornar upp:

1.1. Fundargerð 71. fundar

Fundargerð samþykkt

1.2. Fundargerð 72. fundar

Fundargerð samþykkt

2. **Nýsköpunar- og þróunarstyrkir 2018** – Forgangssvið – Sjá í fundargögnum.

Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar 2018, fylgdi hugmyndunum úr hlaði.

1. Hæfnigreiningar starfa í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila
2. Þróun þrepaskipts starfsnáms fyrir markhóp framhaldsfræðslu
3. Þróun á rafrænu, gagnvirku mati fyrir fólk af erlendum uppruna til að meta kunnáttu í íslensku og benda á hvaða leiðir eru færar til að þjálfa frekar.
4. Þróa og útfæra leiðir til að auðvelda og efla fræðslu innan fyrir tækja og í dreifðum byggðum.

Ekki fékkst endanleg niðurstaða, en Sólveigu falið að vinna frekar að orðun tillagnanna í samráði við nefndina. Niðurstaðan verður afgreidd í stjórn milli funda.

3. **Gát og skimunarlistar** - Bréf frá Hauki Harðarsyni sérfræðingi hjá FA – sjá í fundargögnum.

Haukur fór yfir verklag við endurskoðun og uppfærslu á gát- og skimunarlistum. Niðurstaðan er að núverandi fyrirkomulag hefur ekki reynst nægjanlega vel.

Kannað verði hjá mrm hvort það heimili að Fræðslusjóður mætti veita fé til FA til endurskoðunarinnar.

KKH  
HG  
105  
slld

Í þessu efni er mikilvægt að huga að samlegðaráhrifum við vinnu sem er í gangi m.a. hjá mrn að gerð m.a. rafrænna ferilbóka svo tryggt sé að ekki sé verið að vinna sömu vinnu á tveim stöðum.

4. **Beiðni MRN um úttekt á framkvæmd og árangri raunfærnimats og ráðgjafar** – sjá í fundargögnum.

Sv.A. fór yfir ósk mrn um að FA taki að sér úttekt á árangri náms- og starfráðgjafar. Þar kemur fram að FA skipuleggi hana í samráði við sjóðinn. Í því sambandi vaknar spurningin um hver er skilgreiningin á árangri. Ræddar voru mismunandi skilgreiningar á árangri og sammælt um að nota mætti nokkra mælikvarða, ekki bara einn.

Þjónustukannanir fræðsluaðila eru ekki að ná þessu eins og þær eru í dag, þar sem þær fylgja ekki einstaklingnum eftir auk þess sem svörunin í könnununum er ekki það góð að vera marktæk.

5. **Samráðsfundur stjórnar Fræðslusjóðs, stjórnar FA og starfmannna FA**

Fundurinn er fyrirhugaður 13. mars í húsnæði FA. Ekki er talið nauðsynlegt að inn á fundinn komi sameiginlegt sjónarmið stjórnar F.sjóðs, heldur mæti hver og einn með sín sjónarmið og þeirra sem viðkomandi er fulltrúi fyrir. Aftur á móti ef stjórnarmenn sjái sér ekki fært að koma, að þá komi þeir sjónarmiðum sínum á framfæri við hópinn. Gert er ráð fyrir að fundurinn verið opinn og til að leggja fram hugmyndir og umræðupunkt

6. **Önnur mál**

6.1. Nýr stjórnarmaður mun verða tilnefndur fljótlega af hálfu velferðarráðuneytis, þangað til mun Björg Baldursdóttir, varamaður, sinna stjórnarstörfum

Guðinn Egnest  
Svanhildur K. Svein  
Halla Ó. Arnald  
Ingibjörg Þýp Stefánsdóttir  
Kristín Þorlósardóttir  
MARÍA BALDURSDÓTTIR